



Fundargerð

134. fundur íþróttá- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12, 17. október 2019, kl. 16:00

Viðstaddir: Eva Stefánsdóttir, formaður, Jóhann Birnir Guðmundsson, Jón Haukur Hafsteinsson, Alexander Ragnarsson, Birgir Már Bragason, Guðbergur Reynisson formaður ÍRB, Helgi Arnarson sviðsstjóri Fræðsluviðs og Hafþór Barði Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi sem jafnframt ritaði fundargerð.

Gestur fundarins undir máli númer eitt var Guðlaugur Helgi Sigurjónsson sviðsstjóri Umhverfissviðs.

* * *

1. Stefnumótun íþróttamannvirkja og svæða í Reykjanesbæ (2019050297)

Guðlaugur Helgi Sigurjónsson sviðsstjóri Umhverfissviðs fór yfir kostnaðartölur varðandi nýjan gervigrasvöll og fór yfir deiliskipulag og fyrirhugaðar framkvæmdir er tengjast íþróttá- og tómstundamálum í Reykjanesbæ. Íþróttá- og tómstundaráð þakkar greinargóða kynningu.

FRAMTÍÐARSÝN

Íþróttamannvirki Reykjanesbæjar eru byggð fyrir **alla íbúa** og eru **samnýtt** af íþróttafélögum innan bæjarins. Uppbygging stærri mannvirkja og íþróttasvæða verði **miðsvæðis** og til að ná fram hámarksnýtingu verði áfram byggt upp í nálægð við skóla.

SAMEIGINLEG MANNVIRKI Keppnishallir og íþróttavellir verði sameiginlegir og samnýttir af íþróttafélögum	ÍÞRÓTTA MIÐSVÆÐI Uppbygging helstu mannvirkja og íþróttasvæða verði miðsvæðis á svæðinu í kringum Reykjaneshöll.	HAGKVÆM AÐSTAÐA Íþróttamannvirki verði byggð í nálægð við skóla til að ná fram hámarks hagkvæmni og nýtingu þeirra.
<ul style="list-style-type: none">• Skynsam nýting skattfés• Sameiginleg yfirbygging• Samnýting búnaðar	<ul style="list-style-type: none">• Gott aðgengi fyrir íbúa• Óflugar samgöngur• Mogleiki til stækkunar	<ul style="list-style-type: none">• Hámarks nýting• Fleiri börn stunda íþróttir

Bókun íþróttá- og tómstundaráðs vegna stefnumótunar íþróttamannvirkja og íþróttasvæða Reykjanesbæjar.

Í stefnu Reykjanesbæjar frá 2020-2030 er uppbygging íþróttamannvirkja til að styðja við öflugt íþróttastarf eitt af markmiðum bæjarins.

JRC ORR
ES
BUMB



Íþróttá- og tómstundaráð Reykjaneshöllar fagnar því að unnið sé í samræmi við niðurstöður Capacent þar sem ljóst er að mikil þörf er á bættri æfingaaðstöðu fyrir knattspyrnufélag bæjarins.

Frá fundi íþróttá- og tómstundaráðs 18.júní sl. er búið að funda með forsvarsmönnum beggja félaga og þarfir þeirra tekur til skoðunar, sérstaklega hvað varðar gervigrasvöll fyrir bæði félag og íþróttahús fyrir UMFN.

Ef tekið er til greina þarfir íþróttafélaganna til hliðsjónar við framtíðarsýn sem var kynnt af Capacent og þær kostnaðartölur sem voru lagðar fram af umhverfis og skipulagssviði. Er ljóst að framtíðaruppbygging íþróttamannvirkja á miðlægu íþróttasvæði er hagkvæmasti kosturinn fyrir Reykjaneshöll í heild sinni.

Ennfremur mun íþróttá- og tómstundaráð halda áfram þeirri mikilvægu vinnu í uppbyggingu á íþróttamannvirkum bæjarins í takt við þá tímaætlun sem birtist hér að neðan.

Það skal taka fram að íþróttá- og tómstundaráð er ekki að stuðla að sameiningu íþróttafélaganna á nokkurn hátt þó í einhverjum tilfellum sé rætt um sameiginlega nýtingu á aðstöðu.

Það er mat íþróttá- og tómstundaráðs Reykjaneshöllar að eftirfarandi framkvæmdir verði settar á fjárhagsáætlun en jafnframt að uppbygging aðstöðu og íþróttamannvirkja verði reglulega endurskoðuð og mögulega flýtt.

2019

- Unnið með niðurstöður Capacent og áfram verði unnið að uppbyggingu íþróttamannvirkja í góðri samvinnu við íþróttahreyfinguna.
- Teiknað upp framtíðarsvæði við Afreksbraut í samstarfi við umhverfissvið og íþróttá- og tómstundaráð. Áhersla lögð á að tryggja fjármagn fyrir nýjan sameiginlegan æfingagervigrasvöll sem nýtist báðum félögunum. Unnið verði í samvinnu við innkaupastjóra Reykjaneshöllar og umhverfissvið að útbúa útboðsgögn og kostnaðaráætlun fyrir æfingagervigrasvöll.
- Áhersla lögð á að tengja hjóla- og göngustíga úr nærliggjandi hverfum.

2020

- Hafist handa við byggingu á æfingagervigrasvelli og búningaaðstöðu vestan Reykjaneshöllar.
- Ný áhaldageymsla við Reykjaneshöll.
- Áfram unnið að framtíðarsvæði við Afreksbraut í samstarfi við umhverfissvið og íþróttá- og tómstundaráð – Áhersla lögð á að tryggja fjármagn fyrir hönnun á fyrsta áfanga á íþróttahúsi sem hýsir keppnisvöll og félagsaðstöðu fyrir UMFN.

JBA
E.S.
BOMBS



2021

- Hafist handa við fullnaðarhönnun og uppbygginu á íþróttahúsi við Afreksbraut. Á svæðinu við Afreksbraut verður einnig framtíðar aðstaða fyrir fimleikadeild og bardagaíþróttir, aðstaða fyrir skotdeild, lyftingar, golfklúbb ásamt félagsaðstöðu fyrir allar deildir Þessi áfangi er háður því að Akademíunni verði fundin önnur not eða seld og hvetur íþróttá- og tómstundaráð Reykjanesbæ að fara skoða þann möguleika sem allra fyrst.

2022-2026

- Framkvæmdir við byggingu íþróttahúss og áframhaldandi uppbygging íþróttamannvirkja við Afreksbraut.

Fyrrgreindar tillögur verða unnar í samráði við aðalstjórnir íþróttafélaganna og íþróttabandalag Reykjanesbæjar.

2. Skýrsla um símalausanámskeið Keflavíkur 2019 (2019080558)

Skýrslan lögð fram til kynningar.

Íþróttá- og tómstundaráð þakkar fyrir greinargóða skýrslu.

Fundi lokið kl 18.07

Eva Stefánsd.
Jón Hauk Halldórnsson
Birgir M. Ólafsson
Hann B. Ólafsson
Ólafur Þ. Ólafsson